



Dagsetning: 30.01.2020
Málsnúmer: 1908022/8.2

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ Sundlaug Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar

Það er komið að umtalsverðu viðhaldi á sundlauginni á Reyðarfirði. Eftir að sundlauginni var lokað vorið 2019 af Heilbrigðiseftirliti Austurlands var farið að skoða hvernig væri best að gera við laugina og hversu miklar steypuskemmdir væru á kerinu. Ákveðið var að háþrýstipvo hluta af lauginni til að átta sig á betur á steypuskemmdum. Kom þá í ljós að steypuskemmdir væru umfangsmeiri heldur en menn sáu áður. Einnig eru steypuskemmdir á bökkum umhverfis laugina sprungur víða.

Ákveðið var að fá múrarmeistara frá MVA til að koma og skoða skemmdirnar og fá hans skoðun á aðstæðum. Hann lagði til að fræst væri úr öllum sprungum og svo gert við þær með sérstöku múrefni. Einnig sagði hann að erfitt væri að átta sig á hversu mikil vinna þetta væri því óvissuþættirnir væru þó nokkrir. Reiknað var með litlum viðgerðum á rennum kringum sundlaug því þær líta nokkuð vel út. Brjóta þyrfti upp bakka umhverfis laugina og steypa upp að nýja og leggja epoxy á gólfið. Þegar búið væri að laga sprungur væri laugin öll múruð með Velosit. Því næst verður laugin grunuð og svo farið tvær umferðar með tveggja þátta hempaþan. Kostnaðaráætlun hér að neðan er byggð á þessari aðferð.

Búnaður laugarinnar er allur gamall og ástand hans hefur ekki verið kannað til hlýtar. Vitað er að efnastöðin fyrir klór er í ólagi. Skipta þarf um hana og er gert ráð fyrir þeim kostnaði í kostnaðaráætlun hér að neðan.

Eins og ástand laugarinnar er og komið hefur í ljós eftir skoðun múrarmeistara er það sem hér að ofan er lýst það sem þarf að gera hið minnsta fyrir laugina til að hún standist skoðun og verði rekstrarhæf.




Svanur Freyr Árnason
Verkefnastjóri á framkvæmdasviði




Marinó Stefánsson
Sviðstjóri framkvæmdasviðs



Kostnaðaráætlun viðgerðar á sundlaug Reyðarfjarðar

Múrverk

Heiti	Magn	Eining	Verð	Samtals
Vinna í laug	500	klst	7.100 ISK	3.550.000 ISK
Vinna í kanti	400	klst	7.100 ISK	2.840.000 ISK
Vinna í gólfi	300	klst	7.100 ISK	2.130.000 ISK
Velosít 101	60	pokar	3.943 ISK	236.580 ISK
Velosít 203	40	pokar	3.548 ISK	141.920 ISK
Steypa í gólf	15	m3	60.000 ISK	900.000 ISK
Yfirborð á golfi (epoxy)	150	m2	8.000 ISK	1.200.000 ISK
Akstur	2200	km	116 ISK	255.200 ISK
Fæði	1	heild	250.000 ISK	250.000 ISK
Samtals án vsk				11.503.700 ISK
Samtals með vsk				14.264.588 ISK

Málun

Heiti	Magn	Eining	Verð	Samtals
Grunna og mála	200	m2	7.500 ISK	1.500.000 ISK
Samtals með vsk				1.500.000 ISK

Búnaður

Heiti	Magn	Eining	Verð	Samtals
Efnastjórnstöð klór	1	stk	850.000 ISK	850.000 ISK
Vinna	16	klst	9.000 ISK	144.000 ISK
Samtals með vsk				994.000 ISK

Ófyrirséð

Heiti	Magn	Eining	Verð	Samtals
Iðnaðarmaður	300	klst	9.000 ISK	2.700.000 ISK
Samtals með vsk				2.700.000 ISK

Samtals kostnaðaráætlun

19.458.588 ISK m/vsk